

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða

Ár 2024, fimmtudaginn, 27. júní, var haldinn 51. fundur íbúaráðs Miðborgar og Hlíða. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnarbúð og hófst kl. 16.31. Eftirtaldir fulltrúar voru viðstaddir: Pétur Marteinn Urbancic Tómasson, Kolbrún Jarlsdóttir, Sigfús Ómar Höskuldsson, Þórey Björk Sigurðardóttir, Jóhanna Símonardóttir, Gréta Dögg Þórisdóttir og Sigrún Tryggvadóttir. Fundinn sat einnig eftirtalinn starfsmaður með rafrænum hætti: Hörður Heiðar Guðbjörnsson.

Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram bréf skrifstofu borgarstjóra- og borgarritara, dags. 4. júní 2024, um samantekt íbúafunda borgarstjóra í Miðborg og Hlíðum. MSS24020072
2. Lagt fram bréf Skógræktarfélags Reykjavíkur, dags. 3. maí 2024, um Hverfistré Reykjavíkurborgar. MSS24050013
3. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 28. maí 2024, um þjónustukönnun íbúa. MSS24050136
4. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagsviðs, dags. 13. maí 2024, um afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs, þann 3. apríl 2024, um tillögu að nýju deiliskipulagi að Laufásvegi 19 og 21-23 og Þingholtsstræti 34. USK23100130
5. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagsviðs, dags. 6. júní 2024, um afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs þann 12. júní 2024, um tillögu að stækkun á gjaldsvæði bílastæða. USK24040128

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða gagnrýnir harðlega að hafa ekki verið haft með í ráðum um fyrirhugaða breytingu á gjaldskyldu. Niðurstaðan er að mestu góð en ráðið bendir á að við Háskóla Íslands eru aðeins Oddagata og Aragata skilgreindar sem íbúakortsgötur, aðrar götur ekki. Við Sæmundargötu eru fjölmennir stúdentagarðar í eigu Félagsstofnunar stúdenta. Æskilegt væri að Sæmundargata væri einnig íbúakortsgata og að Reykjavíkurborg myndi hafa frumkvæði að samtali við FS um útfærslu íbúakorta við götuna.

6. Lögð fram auglýsing Skipulagsgáttar dags. 7. júní 2024, um breytingu á deiliskipulagi vegna Haukahlíðar reitur 1 – Haukahlíðar 6. USK23010208
Samþykkt að fela formanni íbúaráðs Miðborgar og Hlíða í samráði við fulltrúa ráðsins að skila inn umsögn fyrir tilskilinn frest.
7. Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034
8. Lögð fram greinargerð Reykjavík Tool Library EHF. dags. 10. júní 2024, fyrir verkefnið Reddingakaffi 2022 vegna styrks úr Borgin okkar 2022. MSS24030095
9. Lögð fram greinargerð Foreldrafélags Austurbæjarskóla, dags. 7. júní 2024, fyrir verkefnið Vorhátíð vegna styrks úr Hverfissjóð 2024. MSS22040042

Fundi slitið kl. 18.02

Pétur Marteinn U. Tómasson

Kolbrún Jarlsdóttir
Sigrún Tryggvadóttir
Sigfús Ómar Höskuldsson

Þórey Björk Sigurðardóttir
Jóhanna Símonardóttir
Gréta Dögg Þórisdóttir